



Félagsráðgjafi í barnavernd

Sveitarfélagið Ölfus leitar að öflugum liðsmanni í tímabundna stöðu.

Fjölskyldu- og fræðslusvið Ölfuss auglýsir laust til umsóknar 100% starf félagsráðgjafa/ráðgjafa í barnavernd í tímabundna stöðu. Leitað er að fagmanneskju sem brennur fyrir velferð barna og fjölskyldna, býr yfir sterkri fagmennsku og hefur getu til að vinna sjálfstætt. Helstu verkefni eru meðferð og vinnsla barnaverndarmála og eftirfylgd þeirra.

Markmið okkar er að veita öfluga þjónustu sem tryggir velferð barna í Ölfusi. Áhersla er lögð á þverfaglega teymisvinnu við úrlausn margþættra verkefna sem tengjast börnum og fjölskyldum þeirra.

Helstu verkefni og ábyrgð eru:

- Úrvinnsla barnaverndarmála samkvæmt barnaverndarlögum
- Ráðgjöf til barna og foreldra þeirra
- Greining, úrvinnsla og eftirfylgd mála í samstarfi við börn, foreldra og aðra fagaðila
- Samstarf við skóla, heilbrigðisþjónustu, lögreglu og aðrar stofnanir
- Skráning í málskráningarkerfi
- Þátttaka í þróun og umbótum í þjónustu barnaverndar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf til starfsréttinda í félagsráðgjöf eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði barnaverndar er æskileg sem og þekking á barnaverndarlöggjöf
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum, samvinnu og faglegri framkomu
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Hreint sakavottorð

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélagsins við Félagsráðgjafafélag Íslands.

Öll kyn eru hvött til að sækja um.

Um er að ræða 100% tímabundna stöðu og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 29. desember 2025 og er umsóknum skilað rafrænt á heimasíðu sveitarfélagsins olfus.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eyrún Hafþórsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs. Netfangið hennar er eyrun@olfus.is og sími 480-3800.